

Nr. 1

Lagt fram í Héraðsdómi Reykjavíkur

18. mars 2014.

S T E F N A

Gildi - lífeyrissjóður

kt. 561195-2779

Guðrúnartúni 1, Reykjavík

GERIR KUNNUGT: Að hann þurfi að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Bjarna Benediktssyni, fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd ríkissjóðs Íslands, Arnarhváli, Reykjavík til greiðslu kr. 213.925.559.- ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 29/1995 af kr. 194.127.035.- frá 13. janúar 2012 til 28. nóvember s.á., frá þeim degi af kr. 213.925.559.- til þingfestingar málsins þann 18. mars 2014 en frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 til greiðsludags.

Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að mati réttarins auk virðisaukaskatts af málflutningsþóknun. Tapist málið er þess krafist að málskostnaður verði felldur niður.

Málflutningsumboð

Undirritaður lögmaður, Magnús M. Norðdahl hrl., kt. 300956-3199, Guðrúnartúni 1, Reykjavík rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Aðild

Mál þetta er höfðað gegn fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs Íslands en hann fer með fjárreiður ríkisins sbr. 2. gr. forsetaúrskurðar nr. 71/2013 um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

Málsatvik

Í máli þessu krefst stefnandi endurgreiðslu þess greidda skatts sem á hann var lagður skv. 3. gr. laga nr. 156/2011, þar sem skattlagning hafi verið ólögæt en einnig þar sem stefndi hafi vanefnt samkomulag um endurgreiðslu hans.

Helstu málsatvik eru þau, að þann 3. desember 2010 gekk stefndi ásamt fjármálafyrirtækjum, Íbúðalánasjóði og Landssamtökum lífeyrissjóða o.fl. frá viljayfirlýsingu um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna, sbr. dskj. 4. Samkvæmt 5. tl. yfirlýsingarinnar var ákveðið að stefndi, í samstarfi við aðila yfirlýsingarinnar, myndi leita leiða til þess að fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóðir kæmu að fjármögnun nýrrar tegundar sérstakra vaxtabóta. Yfirlýsingin var undirrituð af Landssamtökum lífeyrissjóða með fyrirvara um samþykki aðildarsjóða samtakanna, þ.m.t. stefnanda en það samþykki veitti hann ekki og ekkert samkomulag hér að lútandi komst á við stefnanda eða aðra aðildarsjóði Landssamtaka lífeyrissjóða.

Viðræður stjórnvalda og lífeyrissjóðanna um aðkomu lífeyrissjóðanna að hlutdeild í hinum sérstöku vaxtabótum samkvæmt yfirlýsingunni frá 3. desember 2010 voru teknar upp sumarið 2011 en skiluðu ekki árangri. Töldu lífeyrissjóðirnir sem fyrr, sig engar heimildir hafa til ráðstöfunar á fjármunum sjóðfélaga, aðrar en þær sem finna má í lögum um starfsemi þeirra sbr. 20. gr. laga nr. 129/1997. Önnur ráðstöfun væri ólögmat, gæti varðað stjórnarmenn ábyrgð og sjóðina sviptingu starfsleyfis sbr. m.a. 29. gr. laga nr. 129/1997 sbr. og IX. og X. kafla og 55. gr. sömu laga. Þann 30. nóvember 2011 lagði fjármálaráðherra síðan fram frumvarp á Alþingi að bráðbirgðaákvæði XIV. í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og var það lögfest með 3. gr. laga nr. 156/2011 frá 23. desember 2011. Samkvæmt því skyldi við álagningu opinberra gjalda árin 2012 vegna tekjuársins 2011 og 2013 vegna tekjuársins 2012, lagt sérstakt tímabundið 0,0814% gjald (skattur) á hreina eign lífeyrissjóða til greiðslu lífeyris. Við flutning málsins á Alþingi kvað ráðherra að með því væri eingöngu verið að finna lögformlegan grundvöll fyrir því að lífeyrissjóðirnir leggi á þessum tveimur árum sitt af mörkum í hinar sérstöku vaxtabætur sem fjallað var um í yfirlýsingunni frá 3. desember 2010. Jafnframt kom þá fram að ráðherra og þingmönnum var ljóst að lagasetningin fól í sér mismunun milli almennu lífeyrissjóðanna og sjóðfélaga þeirra annars vegar og opinberu lífeyrissjóðanna og sjóðfélaga þeirra hins vegar sbr. dskj. 7 og 8.

Stefndi hefur ætíð haldið því fram, að lífeyrissjóðirnir hefðu verulegra hagsmuna að gæta vegna greiðslu sérstakra vaxtabóta. Sú fullyrðing er röng og ósönnuð og þeir, þ.m.t. stefnandi hafði ekki hagsmuni af greiðslu þeirra. Lánveitingar stefnanda til einstaklinga eru tryggðar með öruggum fasteignaveðum sbr. 3. tl. 1. mgr. 36. gr. laga nr. 129/1997 og áhrif þeirra á vanskil og útlánatöp ekki merkjanleg sbr. dskj. 30-31.

Skv. bráðabirgðaákvæðinu rennur hinn sérstaki tímabundni skattur í ríkissjóð án sérstakra kvaða um sérstaka ráðstöfun hans. Þannig er um almenna tekjuöflun í ríkissjóð að ræða en ekki sérstaka tekjuöflun í samræmi við tilgang og markmið lífeyrissjóðakerfisins.

Vegna gagnrýni Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og Samtaka atvinnulífsins (SA), fylgdi með álit meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, bréf forsætis- og fjármálaráðherra dags. 13. desember 2011, sbr. dskj. 11, til þeirra þar sem fyrirheit voru gefin um endurgreiðslu skattsins í tengslum við vinnu að nýju samræmdu og sjálfbæru lífeyriskerfi fyrir allan vinnumarkaðinn sem fyrirheit höfðu verið gefin um í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga 5. maí 2011 sbr. dskj. 5. ASÍ svaraði bréfi ráðherranna 16. desember 2011, sbr. dskj. 14, og ítrekaði andstöðu sína við fyrirhugaða skattlagningu. Sömu viðhorf koma fram í umsögn Samtaka atvinnulífsins á dskj. 10. Minnihluti efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis lagðist gegn frumvarpinu m.a. vegna þeirrar mismununar sem skattlagningin felur í sér sbr. dskj. 13.

Álögð fyrirframgreiðsla vegna tekjuársins 2011, kr. 194.127.035.- var krafin af stefnanda í upphafi ársins 2012 og hún greidd þann 13.1 2012 með fyrirvara um lögmæti skattlagningarinnar sbr. dskj. 17 og 18. Endanleg álagning fór fram í nóvember 2012 og var stefnandi krafinn um kr. 19.798.524.- sem hann greiddi þann 28.11 2012 með sama fyrirvara og áður sbr. dskj. 32. Heildargreiðsla allra lífeyrissjóða nam samtals 1.538 milljónum króna og greiddu lífeyrissjóðir á samningssviði ASÍ, svokallaðir almennir lífeyrissjóðir 1.237 milljónir króna af þeirri fjárhæð.

Í árslok 2011 voru eignir almennu lífeyrissjóðanna á móti skuldbindingum neikvæðar um -5,55%. Ekkert mat var af hálfu stefnda lagt á hver áhrif skattlagningin hefði á getu þeirra til greiðslu lífeyris sbr. dskj. 23.

Neikvæð áfallin tryggingafræðileg staða stefnanda var í árslok 2009 -15,3% (heildarstaða -11,6%) en lífeyrisréttindi höfðu verið skert þann 21.4 2009 um 10%. Í árslok 2010 var hún -9,5% (heildarstaða -8,1%) en lífeyrisréttindi höfðu verið skert þann 28.4 2010 um 7%. Í árslok 2011 var hún -5,3% (heildarstaða -4,9%) en lífeyrisréttindi höfðu verið skert þann 28.4 2011 um 4,3%. Í árslok 2012 var hún -3,8% sbr. dskj. 24 - 27. Staða stefnanda var því viðkvæm og sjóðurinn í engri stöðu til greiðslu hins sérstaka skatts og sjóðfélagar hans þá þegar þurft að þola 21,3% skerðingu lífeyrisréttinda árin

á undan til þess að samræma stöðu sjóðsins ákvæðum 39. gr. laga nr. 129/1997.

Í janúar 2012 voru viðræður milli stefnda og Landssamtaka lífeyrissjóða teknar teknar upp að nýju og gengu drög að yfirlýsingum milli aðila sbr. dskj. 19-20. Þann 8. febrúar var gengið frá samkomulagi stefnda og landssamtakanna um endurgreiðslu þess skatts sem lagður hafði verið á vegna tekjuársins 2011 og um afnám frekari skattlagningar á árinu 2013 vegna tekjuársins 2012 sbr. dskj. 21. Skyldi það gert gegn þátttöku lífeyrissjóðanna í gjaldeyrisútboðum Seðlabanka Íslands á árinu 2012 með gildum tilboðum í allt að 200 milljónir Evra . Með samkomulaginu á dskj. 21 fylgdi fyrirmynd að samkomulagi við einstaka lífeyrissjóði og gekk stefnandi frá einu slíku þann 10. febrúar sbr. dskj. 22. Gild tilboð lífeyrissjóða námu í framhaldinu 235,2 milljónum Evra sbr. dskj. 28 og tók stefnandi fullan og sanningsbundinn þátt í þeim sbr. dskj. 29.

Með 24. gr. laga nr. 146/2012 um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem tóku gildi 22. desember 2012 var fallið frá skattheimtu ársins 2013 vegna tekjuársins 2012. Hins vegar hefur innheimtur skattur vegna tekjuársins 2011 ekki verið endurgreiddur eins og þó hafði verið samið um að gert skyldi með samkomulaginu frá í febrúar 2012.

Málsástæður og lagarök

Krafa stefnanda um endurgreiðslu hins álagða skatts er á því byggð í fyrsta lagi að bráðbirgðaákvæði XIV. í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem lögfest var með 3. gr. laga nr. 156/2011 mismuni með ólögætum hætti almennum og opinberum lífeyrissjóðum og sjóðfélögum þeirra og brjóti gegn 1. mgr. 65. gr., 72. gr. og 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Í öðru lagi er á því byggt að óháð lögætti skattlagningarinnar hafi stefndi skuldbundið sig til þess að endurgreiða stefnanda hinn álagða og greidda skatt, tæki stefnandi þátt í gjaldeyrisútboðum Seðlabanka Íslands á tímabilinu 15. febrúar til 15. október 2012 með tilteknum hætti. Þá samningsskuldbindingu hafi stefndi vanefnt.

Brot gegn stjórnarskrá

Hér á landi eru tvö lögbundin en ólík skyldusamtryggingar lífeyriskerfi sambærilegs launafólks. Þau eru rekin skv. tvennskonar löggjöf af tveimur tegundum lífeyrissjóða, almennum og opinberum. Starfsemi þeirra allra er bundin móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris og er þeim óheimilt hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að ná þeim tilgangi. Hagsmunir sjóðfélaga, launafólks og almennum- og opinberum vinnumarkaði, verða því ekki aðskildir frá hagsmunum þeirra lífeyrissjóða sem þeir greiða til. Réttindum sjóðfélaga og skyldum lífeyrissjóðanna gagnvart þeim er hins vegar skipað með ólíkum hætti að lögum og skattlagning sem að forminu til leggst með sama hætti á alla lífeyrissjóði leggst í raun með mismundandi hætti á almenna og opinbera lífeyrissjóði og sjóðfélaga þeirra.

Starfsmenn ríkis og sveitarfélaga eiga flestir aðild að stéttarfélögum sem gera kjarasamninga skv. lögum nr. 94/1986 (opinberum stéttarfélögum). Þeir eiga skylduaðild að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins sem starfar samkvæmt lögum nr. 1/1997 og lífeyrissjóðum sveitarfélaganna sem starfa á sama ábyrgðargrunni (opinberu lífeyrissjóðunum).

Allt launafólk á almennum vinnumarkaði og hluti starfsmanna ríkis og sveitarfélaga á aðild að stéttarfélögum sem gera kjarasamninga skv. lögum nr. 80/1938 (almennum stéttarfélögum) eða nýtur lágmarkskjara skv. þeim kjarasamningum sbr. 1. gr. laga nr. 55/1980. Þessi hópur á allur skylduaðild að lífeyrissjóðum sem aðildarsamtök ASÍ standa að og sem starfa skv. lögum nr. 129/1997 (almennu lífeyrissjóðunum). Gildi-lífeyrissjóður, stefnandi þessa máls er slíkur sjóður.

Almennu lífeyrissjóðirnir eru fastiðgjaldasjóðir án ábyrgðar launagreiðanda og bera ábyrgð á skuldbindingum með eignum sínum sbr. 23. gr. laga nr. 129/1997. Sé hrein eign til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda lægri en núvirði væntanlegs lífeyris er almennu lífeyrissjóðunum skylt skv. 39. gr. sömu laga að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum sínum þ.m.t. að færa lífeyrisréttindi sjóðfélaga niður. Það ber þeim að gera tafarlaust ef neikvæður munur verður meiri en -10% og eins ef hann helst meiri en -5% samfellt í fimm ár.

Opinberu lífeyrissjóðirnir eru fastréttindasjóðir sem lofa tilteknum og fastákveðnum réttindum og starfa á ábyrgð launagreiðenda, ríkis og

sveitarfélaga. Skv. 4. mgr. 13. gr. laga nr. 1/1997 skal stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) taka ákvörðun um að hækka framlag launagreiðenda leiði tryggingafræðileg niðurstaða í ljós, hvað A-deild lífeyrissjóðsins varðar, að hrein eign til greiðslu lífeyris ásamt núvirði framtíðariðgjalda sé ekki jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Samkvæmt 32. gr. sömu laga ábyrgist ríkissjóður greiðslu lífeyris til þeirra sem aðild eiga að B- deild sjóðsins. Ábyrgð á getu A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (LSS) til greiðslu lífeyris er skipað með sama hætti og á við A-deild LSR sbr. 31. gr. samþykktu sjóðsins sbr. dskj. 33. Að V-deild LSS eiga aðild þeir starfsmenn sveitarfélaganna sem ekki eiga skylduaðild að öðrum lífeyrissjóði skv. kjarasamningi eða lögum sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktu sjóðsins. Dugi eignir V-deildar LSS ekki fyrir áföllnum skuldbindingum skal stjórnin gera viðeigandi ráðstafanir svo sem að skerða áunnin réttindi og þau réttindi sem iðgjald til sjóðsins veitir sbr. 43. gr. samþykktu sjóðsins. Um V-deild LSS gilda því að þessu leyti sömu reglur og eiga við um almennu lífeyrissjóðina.

Óumdeilanleg staðreynd máls er, að skattlagning skv. bráðbirgðaákvæði XIV. í lögum nr. 129/1997 kemur með ólíkum hætti niður almennum og opinberum lífeyrissjóðum og því með ólíkum hætti niður á launafólki á almennum vinnumarkaði og launafólki á opinberum vinnumarkaði (sjóðfélögum hinna almennu lífeyrissjóða og þeirra opinberu). Það helgast af því að geta opinberu sjóðanna til greiðslu lífeyris er, vegna ábyrgðar launagreiðanda og fastra réttinda, ónæm fyrir skattlagningunni meðan geta almennu lífeyrissjóðanna til greiðslu lífeyris er háð afkomu og minnkar sem skattlagningunni nemur með tilheyrandi lækkun réttinda. Við skattlagningu almennra lífeyrissjóða eykst áhætta á því að eignir einstakra sjóða á móti skuldbindingum haldist undir -5% um 5 ára skeið eða slái í að vera undir -10%. Hvorutveggja kallar á lækkun réttinda sbr. 39. gr. laga nr. 129/1997, sem verður við þær aðstæður langt umfram hlutfall þeirra skatta sem innheimtir voru skv. bráðbirgðaákvæði XIV. í lögum nr. 129/1997. Stefndandi hafði þegar á árunum 2009 til 2011 þurft að skerða réttindi sjóðfélaga sinna um 21,3% sbr. dskj. 25 – 27.

Skattlagning skv. bráðbirgðaákvæði XIV í lögum nr. 129/1997, sem skv. orðanna hljóðan leggst með sama hætti á alla lífeyrissjóð, almenna og opinbera, en sem kemur fram í mismunandi áhrifum á lífeyrissjóðina sjálfa og á þau lífeyrisréttindi þau sem þeir geta veitt nú eða síðar, mismunar almennu lífeyrissjóðunum og sjóðfélögum þeirra borið saman við opinberu lífeyrissjóðina og sjóðfélaga þeirra. Grunneðli álagningar skattsins sé það, að skerða áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga almennu lífeyrissjóðanna, þ.m.t.

sjóðfélaga stefnanda, sem ekki njóta ábyrgðar launagreiðenda á réttindaloforðum, en breyta engu um áunnin réttindi sjóðfélaga opinberu lífeyrissjóðunum. Af þeim ástæðum brýtur bráðabirgðaákvæðið gegn jafnræðisreglu 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944.

Sjóðfélagar stefnanda sem allir eiga skylduáðild að sjóðnum eru fullkomlega sambærilegir við sjóðfélaga opinberu lífeyrissjóðanna. Mismunun millum þeirra með skattlagningunni var stefnda ljós og opinberlega viðurkennd við lagasetninguna en hvorki rökstudd eða byggð á hlutlægum eða málefnalegum sjónarmiðum sbr. m.a. dskj. 6 - 9 , 11, 13, 15 þar sem berlega kemur fram að stefnda var og mátti vera ljóst að lagasetningin byggðist ekki á neinum þeim sjónarmiðum sem réttlætt getur þá mismunun sem henni fylgir.

Stefnandi byggir á því, að stefnda hafi borið skylda til þess að haga lagasetningunni með þeim hætti að sambærilegum hópum launamanna, yrði ekki mismunað með órökstuddum og ómálefnalegum hætti eins og gert var í andstöðu við 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrár. Engin lögbundin nauðsyn knúði stefnda til þess að skattleggja lífeyrissjóðina með þeim hætti sem hann gerði til almennrar tekjuöflunar í ríkissjóð. Önnur skattlagning sem ekki leiddi til þeirrar þekktu og viðurkenndu mismununar sem skattlagning skv. bráðabirgðaákvæði XIV í lögum nr. 129/1997 leiddi til var stefnda tiltæk.

Stefnandi byggir jafnframt á því, að lífeyrissparnaður sá sem hann varðveitir og þau lífeyrisréttindi sem hann skapar njóti verndar skv. 72. gr. stjórnarskrár um verndun eignaréttar. Þau lögvörðu réttindi verði á sama hátt ekki skert með skattheimtu eða öðrum hætti, án þess að þar sé gætt málefnalegra sjónarmiða og jafnræðis um þá sem sambærilegir eru.

Stefnandi byggir einnig á því, að samkvæmt 6.tl. 4. gr. tekjuskattslaga nr. 90/2003 séu lífeyrissjóðir undanþegnir tekjuskatti og á því að skv. 2.tl. 74. gr. sömu laga eru lífeyrisréttindi ekki eignaskattskyld. Í þessu felst að skattgreiðslu af þeim hluta af tekjum launamanna sem varðveittur er í lífeyrissjóðum er frestað þar til greiðsla lífeyris hefst. Stefnandi og sjóðfélagar hans máttu ætla að þessum reglum yrði ekki breytt hvað áunnin réttindi varðar og þær lögmætu væntingar njóta verndar 72. gr. stjórnarskrár almennt en ekki síst njóta þær verndar gegn ólögmætri mismunun í andstöðu við 1. mgr. 65. gr. og vernd gegn afturvirkri skattheimtu sbr. 2.mgr. 77.gr. hennar.

Loks byggir stefnandi á því, að dómar Hæstaréttar í málunum nr. 124/1982, 151/1982 og 132/1987 séu ekki fordæmi fyrir niðurstöðu þessa máls. Þeir

vörðuðu allir lagasetningu um tiltekin gjöld (skatt) á almenna lífeyrissjóði eingöngu og jöfnun milli kynslóða almenns launafólks. Gjöldunum sem þeir fjölluðu um var öllum varið í þarfir hinna skattlögðu almennu lífeyrissjóða og lífeyrisþega á almennum vinnumarkaði í samræmi við markmið almenna lífeyrissjóðakerfisins í heild og fólu ekki í sér almenna fjáröflun í ríkissjóð til óskyldra verkefna líkt og skattlagning skv. hinu umdeilda bráðabirgðaákvæði gerir. Dómarnir vörðuðu þannig sambærileika almennu lífeyrissjóðanna og sjóðfélaga þeirra innbyrðis þegar að skattlagningunni kom en ekki sambærileika almennu lífeyrissjóðanna og sjóðfélaga þeirra annars vegar og opinberu lífeyrissjóðanna og sjóðfélaga þeirra hins vegar eins og mál þetta gerir.

Hin umdeilda skattlagning er jafnframt eðlisólík annarri skattlagningu og gjaldtöku á lífeyrissjóðina. Þeir greiða tryggingagjald skv. lögum nr. 113/1990 af launum starfsmanna sinna sem ráðstafað er í þeirra þágu til atvinnuleysis- og slysatrygginga, til fæðingarorlofssjóðs, til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóðanna og til Tryggingastofnunar ríkisins vegna lífeyris- og slysatrygginga starfsmanna. Jafnframt greiða þeir til starfsendurhæfingarsjóðs skv. lögum nr. 60/2012 sem hefur það hlutverk að verja launafólk gegn örorku og virkja það til vinnu eftir áföll en hvorutveggja en nátegt hlutverki og stöðu lífeyriskerfisins í heild. Loks bera þeir kostnað af opinberu eftirliti með sjálfum sér skv. lögum nr. 99/1999 og taka þátt í rekstri umboðsmanns skuldara skv. lögum nr. 166/2011 sem gætir hagsmuna lánþega sjóðanna gagnvart þeim. Allt er þetta mörkuð og bundin tekjuöflun vegna starfsemi sjóðanna lífeyriskerfisins meðan skattheimta skv. hinu umdeilda bráðabirgðaákvæði er þáttur í almennri tekjuöflun í ríkissjóð og ósambærileg við aðra gildandi gjaldtöku af þeim.

Af öllu framanrituðu sé ljóst að stefnda hafi verið óheimilt að leggja hinn umdeilda skatt á stefnanda og að honum beri að endurgreiða hann en stefnandi innti greiðslur af hendi með fyrirvara um stjórnskipulegt gildi hinna umdeildu laga sbr. dskj. 17,18 og 32.

Vanefnd samningsskuldbindingar

Óháð því hvort hinn umdeildi skattur teljist ólögmatgur eða ekki, byggir stefnandi á því að stefndi hafi vanefnt samningsskuldbindingu um endurgreiðslu hans. Með undirritun sérstaks minnisblaðs og viðauka með því dags. 8.2 2012 sbr. dskj. 21 tókst með stefnda og Landssamtökum lífeyrissjóða samningur um endurgreiðslu þess sem stefndi hafði innheimt af

lífeyrissjóðunum skv. hinum umdeildu lögum og um niðurfellingu laganna og afnám frekari skattlagningar skv. þeim vegna áráanna 2011 og 2012. Samningurinn fól í sér loforð um þátttöku lífeyrissjóðanna í útboðum Seðlabanka Íslands, með tilboðum um að kaupa með erlendum gjaldeyri, svokallaðar aflandskrónur og nota þær til kaupa á ríkisskuldabréfum hér á landi í íslenskum krónum. Aðgerðinni var annars vegar ætlað að styðja við afléttingu gjaldeyrishafta og hins vegar að fjármagna sérstakar vaxtabætur áráanna 2011 og 2012. Með sérstökum viðauka við samning aðila sbr. dskj. 21, staðfestum af báðum samningsaðilum, var sá skilningur áréttaður að fullar efndir lífeyrissjóðanna fælust í þátttöku með gildum tilboðum að fjárhæð allt að 200 milljónir evra. Gengi það eftir skyldi skattlagningin afnumin og þegar greiddur skattur endurgreiddur. Þessi skilningur er áréttaður í yfirlýsingu sem lífeyrissjóðirnir skyldu undirrita hver einn til þess að samkomulag stefnda og Landssamtaka lífeyrissjóða tæki gildi. Form hennar er hluti af samningi aðila frá 8.2 2012 á dskj. 21. Stefnandi staðfesti samning stefnda og landssamtakanna af sinni hálfu með undirritun yfirlýsingar þann 10.2 2012 sbr. dskj. 22.

Samkvæmt bréfi Seðlabanka Íslands dags. 5.9 2012, sbr. dskj. 28, námu gild tilboð lífeyrissjóðanna í gjaldeyrisútboðum bankans á árinu 2012 samtals 235,2 milljónum evra. Þar af tók bankinn tilboðum í 125,9 milljónir evra. Stefnandi efndi fyrir sitt leyti samning aðila með gildum sölutilboðum fyrir 27.750.000.- evra í útboðum Seðlabankans 14.2 og 27.3 2012 sbr. dskj. 29.

Stefndi efndi fyrir sitt leyti einungis hluta samningsins með því að falla frá álagningu á árinu 2013 og fyrirframgreiðslu hennar 1.11 2012 sbr. 26. gr. laga nr. 146/2012. Álagning ársins 2012 hefur hins vegar ekki verið endurgreidd og því hefur mál þetta verið höfðað.

Stefnandi byggir efndakröfu sína á almennum reglum samningaréttar en einnig á eftirfarandi vegna sérstöðu stefnda:

Í fyrsta lagi að á milli hans og stefnda hafi komist á skuldbindandi samningur sem stefndi var fyllilega bær til þess að gera og sem efna beri skv. efni sínu.

Í öðru lagi á því að samningur stefnda og stefnanda hafi aflað stefnda sérstakra og verulegra tekna utan fjárlaga sem honum hafi verið heimilt að verja til þess að endurgreiða stefnanda hinn innheimta og umdeilda skatt. Þessum sérstöku tekjum hafi stefnda, þrátt fyrir ákvæði 41. gr. stjórnarskrár og 1. mgr. 21. laga nr. 88/1997, verið heimilt að ráðstafa með skuldbindandi samningi án

sérstakrar heimildar í fjárlögum eða fjáráukalögum. Jafnframt hafi stefnandi í samræmi við samning aðila tekið fullan þátt, ásamt öðrum lífeyrissjóðum, í aðgerðum stefnda sem miða að afléttingu gjaldeyrishafta sem fyrst. Þær aðgerðir sköpuðu og munu skapa stefnda mikilvægan og verulegan fjárhagslegan og efnahagslegan ábata.

Í þriðja lagi á því að stefndi hafi haft nægilegt svigrúm í fjárlögum ársins 2012 til þess að standa við samninginn, jafnvel þó sértekjur af útboðunum hefðu ekki komið til og á því svo hafi ekki verið beri hann sönnunarbýrði.

Í fjórða lagi á því að stefnandi hafi mátt ætla að stefndi hefði fulla heimild til sanningsgerðarinnar og á því að hann hafi verið grandlaus um ætlaðan heimildarskort stefnda eða um að hann hafi látið hjá líða að afla sér heimildar til sanningsgerðarinnar, væri þess þörf. Við mat á því grandleysi beri m.a. að líta til þess skýra og ótvíræða orðalags um skilyrðislausu endurgreiðslu skattsins gegn tiltekinni þátttöku í útboði Seðlabankans sbr. minnisblað stefnda og Landssamtaka lífeyrissjóða dags. 8.2 2012 og viðauka með því sbr. dskj. 21 sem hvorutveggja var undirritað af fjármálaráðherra sjálfum sbr. og þá yfirlýsingu sem telst hluti minnisblaðsins og sem stefnandi undirritaði þann 10.2 2012 sbr. dskj. 22. Þá beri að líta til þess að sanningsaðili stefnanda er æðsta stjórnvald um fjárreiður ríkisins en ekki lægra sett stjórnvald sem undir boðvald hans er sett. Það styrkir trúverðugleika og gildi þeirra samninga sem hann gerir og efnaskyldu hans skv. þeim.

Sönnunargögn

Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram:

- Nr. 1 Stefnu þessa.
- Nr. 2 Skrá um framlögð skjöl.
- Nr. 3 Samþykktir stefnanda.
- Nr. 4 Viljayfirlýsingu um aðgerðir vegna skuldavanda 3.12 2010.
- Nr. 5 Yfirlýsing ríkisstjórnar vegna kjarasamninga 5.5 2011.
- Nr. 6 Þingskjal 444 - 368 mál á 140 löggjafarþingi. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 ásamt umsögn fjármálaráðuneytisins.
- Nr. 7 Fyrri ræða fjármálaráðherra um mál 368 á 140 löggjafarþingi 8.12 2011 ásamt andsvörum.
- Nr. 8 Fyrri ræða Péturs H. Blöndal um mál 368 á 140 löggjafarþingi 8.12 2011 ásamt andsvörum.

- Nr. 9 Umsögn fjármálaeftirlitsins vegna 368 máls á 140 löggjafarþingi.
- Nr. 10 Umsögn Samtaka atvinnulífsins vegna 368 máls á 140. löggjafarþingi.
- Nr. 11 Bréf forsætisráðherra og fjármálaráðherra til forseta ASÍ og framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins 13.12 2011.
- Nr. 12 Álit meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um 368 mál á 140 löggjafarþingi. Þingskjal 570.
- Nr. 13 Álit minnihluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um 368 mál á 140 löggjafarþingi. Þingskjal 588.
- Nr. 14 Svar ASÍ við erindi forsætisráðherra og fjármálaráðherra frá 13.12 2011, dags. 16.12 2011.
- Nr. 15 Ræða framsögumanns meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar um mál 368 á 140 löggjafarþingi 17.12 2011 ásamt andsvörum.
- Nr. 16 Ræða framsögumanns minnihluta efnahags- og viðskiptanefndar um mál 368 á 140 löggjafarþingi 17.12 2011 ásamt andsvörum.
- Nr. 17 Greiðslukvittun stefnanda dags. 13.1 2012
- Nr. 18 Fyrirvari stefnanda við greiðslu dags. 13.1 2012.
- Nr. 19 Drög að samkomulagi stjórnvalda og lífeyrissjóða 19.1 2012.
- Nr. 20 Minnisblað fjármálaráðherra 20.1 2012 um útfærslur nokkurra atriða til þess að greiða fyrir framlengingu kjarasamninga.
- Nr. 21 Minnisblað fjármálaráðherra og lífeyrissjóðanna 8.2 2012 um fjármögnun lífeyrissjóða á sérstökum vaxtabótum.
- Nr. 22 Yfirlýsing um þátttöku stefnanda í útboði Seðlabankans dags. 10.2 2012.
- Nr. 23 Svar fjármálaráðherra við fyrirspurn Péturs H. Blöndal um álögur á lífeyrissjóði. Þingskjal 1121 á 140 löggjafarþingi. (útbýtt 3.4 2012)
- Nr. 24 Skýrsla FME 3.7 2012. Lífeyrissjóðir – Ársreikningar 2011 ásamt kennitölum og öðrum upplýsingum. Bls. 74.
- Nr. 25 Endurrit út tryggingafræðilegri athugun stefnanda m.v. árslok 2010
- Nr. 26 Endurrit út tryggingafræðilegri athugun stefnanda m.v. árslok 2011
- Nr. 27 Endurrit út tryggingafræðilegri athugun stefnanda m.v. árslok 2012
- Nr. 28 Yfirlit Seðlabankans um þátttöku í útboðum dags. 5.7 2012.
- Nr. 29 Yfirlit um þátttöku stefnanda í útboðum Seðlabankans.
- Nr. 30 Yfirlit um stöðu einstaklingslána stefnanda m.v. árslok 2011, 2012 og 2013.
- Nr. 31 Yfirlit um vanskil og útlánatöp 2009-2012.
- Nr. 32 Greiðslukvittun stefnanda dags. 28.11 2012.
- Nr. 33 Úr samþykktum Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

Skýrslugjöf fyrir dómi

Stefnandi áskilur sér rétt til töku skýrslna af fyrirvarsmönnum aðila og vitnum, ef þörf reynist undir rekstri málsins m.a. vegna þeirra varna sem fram koma.

Áskilnaður

Stefnandi áskilur sér rétt til að breyta kröfugerð, koma að frekari málsástæðum, lagarökum og gögnum eftir því sem tilefni gefst til undir rekstri málsins.

Fyrirkall

Fyrir því stefnist hér með Bjarna Benediktssyni, kt. 260170-5549, til heimilis að Bakkaföt 2, Garðabæ, fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, kt. 540269-6459, Arnarhváli, Reykjavík til að mæta er mál þetta verður þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur þriðjudaginn 18. mars 2014 kl. 10:00, í dómsal nr. 102 í dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg í Reykjavík, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar að hlýða og leggja fram varnir af sinni hálfu, ef einhverjar eru. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við því að útvistardómur gangi.

Reykjavík 12. mars 2014